

**3250. fundur bæjarráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18,
26. mars 2015 og hófst hann kl. 16:00**

Fundinn sátu:

Ólafur Adolfsson formaður, Rakel Óskarsdóttir varamaður, Ingibjörg
Valdimarsdóttir aðalmaður, Vilborg Þ. Guðbjartsdóttir áheyrnarfulltrúi, Ingibjörg
Pálmadóttir áheyrnarfulltrúi, Regína Ásvaldsdóttir bæjarstjóri og Steinar Dagur
Adolfsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

Fundargerð ritaði: Steinar Adolfsson, sviðsstjóri.

Fyrir tekið:

1. 1503227 - OR - ársreikningur 2014

Bjarni Bjarnason, forstjóri og Ingvar Stefánsson, fjármálastjóri Orkuveitu
Reykjavíkur kynna ársreikning OR fyrir árið 2014.

Bæjarráð þakkar kynninguna og lýsir yfir ánægju með framgangi Plansins.

2. 1503066 - OR - eigendanefnd 2015

Erindi Orkuveitu Reykjavíkur dags. 23.3.2015 til eigenda, þar sem óskað er eftir
umfjöllun um samþykkt stjórnar um stofnun nýs félags um eigin tryggingar OR.

Bæjarráð fjallaði um málið en frestar afgreiðslu þess.

3. 1503066 - OR - eigendanefnd 2015

Erindi Orkuveitu Reykjavíkur varðandi arðgreiðslustefnu fyrirtækisins.

*Arðgreiðslustefna Orkuveitu Reykjavíkur lögð fram og vísað til bæjarstjórnar
Akraness til samþykktar.*

**4. 1407097 - Þróunarfélag - tilnefning fulltrúa í starfshóp og undirbúningur að
stofnun félagsins**

Stjórn Faxaflóahafna samþykkti á fundi sínum þann 13.3.2015, að leggja til við
Akraneskaupstað, Borgarbyggð og Hvalfjarðarsveit að sveitarfélögin tilnefni
fulltrúa í starfshóp sem vinni tillögur að samþykktum Þróunarfélagsins.

Meðfylgjandi erindinu eru drög að hluthafasamkomulagi, samþykktum,
stofnfundargerð og stofnsamningi fyrir Þróunarfélagið.

*Bæjarráð samþykkir að tilnefna bæjarfulltrúann Ólaf Adolfsson í starfshóp um
stofnun Þróunarfélags á Grundartanga.*

Ólafur

5. 1407133 - Hraðhleðslustöð á Akranesi

Samningur Akraneskaupstaðar og Orku náttúrunnar ohf. um hraðhleðslustöð við Dalbraut 1 á Akranesi, lagður fram til kynningar.

Bæjarráð fagnar tilkomu hraðhleðslustöðvar á Akranesi enda um umhverfisvænan kost að ræða sem vonandi sem flestir munu nýta sér í framtíðinni.

6. 1403190 - Bíóhöllin - samningur

Rekstur Bíóhallarinnar á Akranesi hefur verið í höndum sama rekstraraðila frá árinu 2001. Fyrir liggur viljayfirlýsing milli aðila um framlengingu samningsins til ársloka 2015.

Viljayfirlýsingin gerir ráð fyrir að samningurinn verði framlengdur efnislega óbreyttur til ársloka 2015 en með breyttu greiðslufyrirkomulagi og að fyrir 1. september næstkomandi verði lokið viðræðum um framhald samstarfsins.

ngibjörg Pálmadóttir vikur af fundi undir þessum lið.

Bæjarráð samþykkir fyrirliggjandi viljayfirlýsingu og felur bæjarstjóra frágang málsins með undirritun sinni.

7. 1503164 - Unique Iceland - auglýsingasamningur

Erindi Icelandair vegna auglýsingasamnings í þættinum Unique Iceland.

Bæjarráð samþykkir fyrirliggjandi drög að samningi milli Akraneskaupstaðar og Icelandair vegna auglýsingasamnings í þættinum Unique Iceland.

Bæjarráð hvetur til þess að ferðapjónustufyrirtækjum á Akranesi verði boðin þátttaka.

Þegar er gert ráð fyrir kostnaðinum í samþyktri fjárhagsáætlun sem er kr. 500.000. Samningurinn er til þriggja ára og gera verður ráð fyrir kostnaðinum í fjárhagsáætlun árána 2016 til 2017.

8. 1410165 - Dalbraut 6 - erindisbréf

Erindisbréf fyrir samráðshóp Akraneskaupstaðar og FEBAN vegna fyrirhugaðrar þjónustumiðstöðvar að Dalbraut 6.

Bæjarráð samþykkir fyrirliggjandi erindisbréf starfshóps vegna þjónustumiðstöðvarinnar Dalbraut 6.

OKRA!

9. 1502097 - Íþróttamannvirki starfsmannafundir og fræðsla

Á fundi sínum þann 3.3.2015, samþykkti skóla- og frístundaráð að mæla með við bæjarráð, að veitt verði aukafjárveiting til starfsmannafunda og fræðslu fyrir starfsfólk í íþróttamannvirkjum.

Bæjarráð samþykkir ráðstöfun fjármuna að fjárhæð kr. 500.000 til íþróttamannvirkja Akraneskaupstaðar vegna starfsmannafunda og fræðslu fyrir starfsfólk.

Fjárhæðinni verður ráðstafað af liðnum óviss útgjöld 20830-4559.

10. 1502213 - Samstarf um auknar eldvarnir - Eldvarnabandalagið

Á fundi bæjarráðs þann 26. febrúar síðastliðinn var bæjarstjóra falið að vinna frekar að útfærslu samstarfs við Eldvarnabandalagið í samstarfi við skipulags- og umhverfissvið.

Bæjarstjóri kynnti drög að samkomulagi og bæjarráð felur bæjarstjóra að ljúka málinu.

11. 1503176 - Fjólulundur 9-11-13 umsókn um lóð

Umsókn Trésmiðjunnar Akurs ehf. dags. 23.3.2015 um byggingarlóðina Fjólulund 9-11-13.

Rakel Óskarsdóttir vísar af fundi undir þessum lið.

Bæjarráð samþykkir úthlutun lóðarinnar Fjólulundur 9-11-13 til Trésmiðjunnar Akur ehf.

12. 1503228 - SSV - tillaga

Tillaga fulltrúa Akraneskaupstaðar sem lögð var fram, á aðalfundi SSV 25.3.2015.

Tillagan:

"Undirrituð leggja til að stjórn verði sett það verkefni að skoða allar mögulegar leiðir til að leiðrétta þann lýðræðishalla sem er í stjórn SSV. Óskað er eftir greinargerð fyrir 1. júní um tillögur að úrbótum sem send verður á þau sveitarfélög sem aðilar eru að SSV ásamt því að sú greinargerð verði lögð fyrir framhaldsaðalfund SSV nk. haust."

Ingibjörg Valdimarsdóttir
Rakel Óskarsdóttir
Sigrún Guðnadóttir
Sævar Jónsson
Vilborg Þórunn Guðbjartsdóttir

Bæjarráð lýsir yfir miklum vonbrigðum með að tillaga um skoðun og leiðréttingu á lýðræðishalla í starfsemi SSV hafi verið felld á nýafstöðnum aðalfundi SSV.

Bæjarráð bendir á að á Akranesi búa tæplega 6.800 manns og í Borgarbyggð ríflega 3.500 manns. Þetta eru tæplega 65% af heildaríbúafjölda Vesturlands sem hafa einungis um 33% vægi í stjórn SSV og jafnvel minna ef til kemur að

formaður, sem er frá hvorugu þessara sveitarfélaga, þurfi að nýta sitt tvöfalda atkvæðisvægi. Nokkrar leiðir eru til þess að leiðrétta þennan lýðræðishalla og vill bæjarráð sérstaklega benda á þá leið sem Fjórðungssamband Vestfirðinga hefur farið. Þar ræðst atkvæðavægi hvers sveitarfélags af íbúatölu þess sveitarsfélags og sveitarstjórn heimilt að framselja atkvæðisrétt sinn til eins eða fleiri þingfulltrúa á Fjórðungspingi þeirra.

Bæjarráð samþykkir að óska eftir viðræðum við stjórnarformann og framkvæmdastjóra SSV vegna málsins.

Ingibjörg Valdimarsdóttir víkur af fundi.

13. 1503021 - SSV - ársskýrsla 2014

Kynning á ársskýrslu SSV fyrir árið 2014.

Ársskýrslan lögð fram til kynningar.

14. 1503141 - Faxaflóahafnir sf. - ársskýrsla 2014

Ársreikningur og endurskoðunarskýrsla Faxaflóahafna fyrir árið 2014.

Ársreikningur og endurskoðunarskýrsla Faxaflóahafna lagðir fram til kynningar.

15. 1503144 - Vesturlandsstofa - ársskýrsla 2014

Ársreikningur Vesturlandsstofu fyrir árið 2014.

Ársreikningur Vesturlandsstofu vegna ársins 2014 lagður fram til kynningar.

16. 1503207 - Vitakaffi - lengri opnunartími

Beiðni Lilju Þórðardóttur f.h. Vitakaffis ehf. um lengri opnunartíma á föstudaginn langa (aðfaranótt 4.apríl) og páskadag (aðfaranótt 6. apríl) til klukkan 04:00 báða dagana.

Bæjarráð samþykkir erindi Vitakaffis ehf. um lengri opnunartíma aðfaranótt 4. apríl næstkomandi til klukkan 04.00 og aðfaranótt 6. apríl næstkomandi til klukkan 04:00.

17. 1503233 - Virkjum hæfileikana - samstarfsverkefni Vinnumálastofnunar, Öryrkjabandalagsins og Þroskahjálpar

Kynning Vinnumálastofnunar, Öryrkjabandalagsins og Þroskahjálpar mótt. 26.3.2015.

Erindið lagt fram til kynningar.

18. 1502110 - Frumvörp og þingsályktunartillögur til umsagnar

Mál nr. 101 - þingsályktunartillaga um athugun á hagkvæmni lestarsamgangna.

Lagt fram til kynningar.

19. 1502110 - Frumvörp og þingsályktunartillögur til umsagnar

Mál nr. 166 - þingsályktunartillaga um að draga úr plastpökanoftkun.

Lagt fram til kynningar.

20. 1503129 - Konukvöld ÍA 2015 - umsögn

Afgreiðsla erindisins lögð fram til kynningar.

Afgreiðsla bæjarstjóra lögð fram til kynningar.

21. 1503166 - Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar - ályktun aðalfundar

Ályktanir aðalfundar Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar frá 10. og 18. mars 2015.

Ályktanir Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar frá 10. og 18. mars 2015 lagðar fram til kynningar.

22. 1309027 - Hafnarbraut 3 / HB Grandi - fyrirspurn

Erindi Ketils Más Björnssonar til bæjarfulltrúa varðandi mannvirki og búnað sem settur var upp á þak Hafnarbrautar 3.

Bæjarráð býður Katli Má á næsta fund ráðsins og mun jafnframt afla upplýsinga frá skipulags- og umhverfissviði um stöðu málsins.

23. 1501216 - Fundargerðir 2015 - Faxaflóahafnir

130. fundargerð stjórnar Faxaflóahafna frá 13.3.2015.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

24. 1501218 - Fundargerðir 2015 - OR

213. fundargerð stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur frá 23.2.2015.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

25. 1503235 - Spölur - eignarhaldsfélag 2015

107. og 108. fundargerðir Eignarhaldsfélagsins Spalar hf. frá 26.2.2015 og 18.3.2015.


Fundargerðirnar lagðar fram til kynningar.

26. 1503023 - Spölur - aðalfundur 2015

159. og 160. fundargerðir Spalar ehf. frá 26.2.2015 og 18.3.2015.

Fundargerðirnar lagðar fram til kynningar.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 19:20.

A collection of handwritten signatures in blue ink, including names like 'Rannveig', 'Rannveig', 'Vilhjálfur', 'Ragnheiður', 'Sigrún', and 'Sveinn'. The signatures are written in a cursive style and are arranged in several lines across the bottom of the page.